

Skólareglur Háaleitisskóla



Við, nemendur í Háaleitisskóla:

- ❖ **Fylgjum fyrirmælum kennara og starfsfólks skólans**
- ❖ **Mætum stundvíslega í skólann**
Við bönkum á dyr og biðjumst afsökunar ef við komum of seint. Foreldri eða forráðamaður tilkynnir fjarvistir okkar í skólann fyrir skólabyrjun að morgni.
- ❖ **Sýnum samnemendum og starfsmönnum kurteisi og þrúðmennsku**
Við biðjumst afsökunar ef við brjótum þessa reglu.
- ❖ **Viljum ekki ofbeldi, einelti, hrekki eða slagsmál í skólanum og látum vita ef okkur sjálfum eða öðrum líður illa**
Við brot á þessari reglu verður foreldrum gert viðvart.
- ❖ **Göngum vel um bæði úti og inni og forðumst hlaup og óþarfa hávaða**
Við hreinsum sjálf rusl eftir okkur og þurrkum út krot.
- ❖ **Förum út í frímínútur en förum ekki út af skólalóðinni**
Á skólatíma eiga nemendur 1. – 7. bekkja að vera á öruggum stað á ábyrgð skólans og mega því ekki fara út af leikvelli skólans án leyfis.
- ❖ **Notum ekki hjól, hlaupahjól eða hjólabretti í skólanum né leikum okkur með önnur leiktæki sem geta skaðað aðra. Hvorki innandyra né á skólalóð**
Ef við brjótum þessa reglu megum við búast við að hjólin okkar/leiktækin séu gerð upptæk og afhent foreldrum.
- ❖ **Köstum ekki snjó nema á ákveðnum svæðum á skólalóðinni**
Ef við brjótum þessa reglu þurfum við að vera inni í frímínútum næstu daga.
- ❖ **Gætum þess að neyta hollrar fæðu í skólanum, hvort sem við komum með nesti að heiman eða kaupum fæðið**
Sælgæti, gosdrykkir og tyggigúmmí leyfist ekki í skólanum.
- ❖ **Við reykjum ekki og notum ekki tóbak eða rafsígarettur.**
Ef við brjótum þessa reglu eru foreldrar strax upplýsir um það.
- ❖ **Förum vel með eigur okkar og annarra**
Ef við verðum fyrir því að valda tjóni reynum við að bæta það.
- ❖ **Notum snjalltæki eingöngu í námi undir leiðsögn kennara**
- ❖ **Tökum ekki myndir/myndbönd eða hljóðupptökur af skólastarfinu án leyfis**
Við broti á þessum reglum er fylgt verklagi Háaleitisskóla um úrvinnslu nemendamála.

Háaleitisskóli væntir þess að hver nemandi:

- fari eftir reglum skólans í hvívetna, sýni öðrum nemendum og starfsfólki kurteisi og tillitssemi og leggi sitt af mörkum til að skapa góðan náms- og félagsanda í skólanum.
- komi vel undirbúinn fyrir kennslustundir og hafi ávallt með sér nauðsynleg áhöld og gögn í skólann.
- komi ekki með verðmæti í skólann að þarflausu og skilji ekki eftir verðmæti á glámbekk.